



Reykjavík, 15. mars 2024
MSS24010123

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd
Sendandi: Skrifstofustjóri Íþróttaborgarinnar

Svar við fyrirspurn um leiðbeiningar blindra og sjónskertra

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 1. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn, og henni vísað til umsagnar menningar- og íþróttasviðs:

Hafa verið útbúnar leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta varðandi notkun á nýju snertilausu skápakerfi, því sem búið er að setja upp í Dalslaug og verið er að setja upp í Sundhöll Reykjavíkur? Ef svo er, hverjar eru þær?

Svar:

Ekki hafa verið útbúnar leiðbeiningar fyrir blinda og sjónskerta varðandi notkun á nýju snertilausu skápakerfi sem sett hefur verið upp í Dalslaug og Sundhöll Reykjavíkur. Aðilar á menningar- og íþróttasviði hafa verið í sambandi við Braga Bergsson, aðgengisfulltrúa borgarinnar og óskað eftir hans aðstoð við að bæta aðgengi blindra og sjónskertra í sundlaugum Reykjavíkur. Fundað verður með honum í byrjun apríl 2024.

Virðingarfyllt,

Helga Friðriksdóttir

Helga Friðriksdóttir
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík